



19. tbl. 34. árg. 18. - 24. maí 2022

TUNNAN

www.tunnan.is

Skilafrestur fyrir auglýsingar
í TUNNUNA
er til kl. 12.00 á þriðjudögum.



SÉRFRÆÐINGUR

HSN Fjallabyggð Siglufirði

Margrét Loftsdóttir augnlæknir

miðvikudaginn 25. maí næstkomandi.

Tímap. S: 460-2100 og 466-4050 virka daga frá 8:00 til 16:00

Frambjóðendur H-listans vilja þakka kærlega fyrir stuðning kjósenda sinna í Fjallabyggð

Einnig viljum við þakka öllum þeim
sem lögðu okkur lið í baráttunni.



Frambjóðendur H-listans

AUGLÝSTU Í TUNNUNNI
tunnan@tunnan.is

Siglufjarðarkirkja



Á uppstigningardag,
26. maí nk, sem jafnframt
er Dagur aldraðra, verður
almenn guðspjónusta í
Siglufjarðarkirkju og hefst

hún klukkan 14.00. Vöflukaffi, í boði
Systrafélagsins, verður í safnaðarheimilinu að
lokinni guðspjónustu.

Aðalsafnaðarfundur Siglufjarðarsóknar
verður svo að því búnu.

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningar lagðir fram til afgreiðslu
- Kosningar
- Önnur mál

Verið hjartanlega velkomin.
Sóknarprestur
Sóknarnefnd

Canon TUNNAN S:467-1288

PIXMA TS 705 Nettur og vel búinn litaprentari

með 5 blekhyllkjum. Þráðlaust netsamband. **kr. 16.000,---->**



Frístundastarf barna og unglunga

í Fjallabyggð sumarið 2022

Eins og síðustu ár mun Fjallabyggð birta rafrænt
yfirlit/dagatal yfir afþreyingu og frístundastarf barna og
unglinga í Fjallabyggð sumarið 2022.

Með því verða upplýsingar um það sem er í boði til afþreyingar og
dægrastyttingar fyrir þann aldurshóp aðgengilegar á einum stað á
heimasiðu Fjallabyggðar.

Horft er til afþreyingar / námskeiða á sviði menningar, lista, íþróttar
o.s.frv. Hægt verður að bæta inn í yfirlitið eftir þann tíma en gott að
hafa sem mest tilbúið við birtingu yfirlitsins.


Reglur um frístundastyrki Fjallabyggðar eru aðgengilega á vef
sveitarfélagsins

Upplýsingar sem þurfa að koma fram:

- Heiti afþreyingar/námskeið
- Lýsing á afþreyingu/námskeiði
- Nafn aðila sem heldur námskeiðið/afþreyinguna
- Tímasetning
- Staðsetning
- Aldur þátttakenda
- Þátttökukostnað (t.d. æfingagjöld)
- Hvort námskeið verður í boði fyrir börn gesta

Ath!
Ekki er átt við
staka viðburði
s.s. leiksýningar
eða slíkt.

Þeir aðilar sem ráðgera að bjóða upp á afþreyingu eða aðra dagskrá fyrir börn
og unglunga í sumar eru hvattir til að senda upplýsingar um það rafrænt á vef
Fjallabyggðar fyrir **31. maí 2022**, eða á netföngin rikey@fjallabyggd.is og
lindalea@fjallabyggd.is, sem einnig veita frekari upplýsingar ef þörf krefur.



17. JÚNÍ Í FJALLABYGGÐ

Fjallabyggð auglýsir eftir umsjónaraðila

Fjallabyggð auglýsir eftir aðila/aðilum til að hafa umsjón með skipulagningu og framkvæmd hátíðarhalda á 17. júní 2022.

Verkefnið er tilvalið fyrir félagasamtök eða hópa til fjáröflunar.

Með umsókn fylgi greinargerð með hugmynd að framkvæmd og drögum að dagskrá hátíðarinnar ásamt grófri kostnaðaráætlun.

Til greina kemur að sami aðili hafi umsjón með framkvæmd hátíðarhalda í báðum byggðarkjörnum eða öðrum.

Umsjónaraðila er ætlað að leggja upp með fjölbreytta fjölskyldudagskrá þar sem allir aldurshópar eiga að finna eitthvað við sitt hæfi.

Fjallabyggð áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum eða ganga til samkomulags við hvaða umsækjanda sem er.

Við val á umsækjanda verður horft til samsetningu og fjölbreytileika dagkrár ásamt áætluðum kostnaði.

Samkomulag verður gert fyrir árið 2022 með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum, eitt ár í senn.

Frestur til að skila inn umsókn er til og með 24. maí 2022.

Umsókn skal skila gengum rafræna Fjallabyggð (Íbúagátt).

Nánari upplýsingar veita Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu,- frístunda- og menningarmála, rikey@fjallabyggd.is eða Linda Lea Bogadóttir, markaðs- og menningarfulltrúi, lindalea@fjallabyggd.is